

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 2002

14. febrúar 2002

529

Nr. 200

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 217/1971 um kosningu og starfssvið iðnráða.

1. gr.

Reglugerð nr. 217/1971 um kosningu og starfssvið iðnráða er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 14. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. febrúar 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

4. mars 2002

Nr. 201

AUGLÝSING

um deiliskipulag Hvammsskógar í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 1. febrúar 2002 samþykkt deiliskipulag Hvammsskógar í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem liggur með Skorradalsvatni og er 17,5 ha að stærð og gerir ráð fyrir 23 frístundahúsalóðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 4. mars 2002.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

5. mars 2002

Nr. 202

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi við Löngumýri 43 í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hofstaðamýri á lóð nr. 43 við Löngumýri. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja sólstofu við húsið. Breytingartillagan nær einungis til viðkomandi lóðar og hefur ekki í för með sér breytingu á skipulagsuppdrætti.